



SGS

Starfsgreinasamband Íslands

Kjarasamningur

Starfsgreinasambands Íslands
og Eflingar annars vegar og
NPA miðstöðvarinnar hins vegar

vegna aðstoðarfólks fatlaðs fólks í NPA

Gildistími: 1. febrúar 2024 - 1. febrúar 2028

Starfsgreinasambandið er fjölmennasta landsamband verkafólks á Íslandi og stærsta sambandið innan ASÍ, með samtals um 44.000 félagsmenn.

Meginhlutverk Starfsgreinasambandsins er að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

Fylgstu með breytingum á launakjörum og nýjustu fréttum á www.sgs.is

Mynd: NPA miðstöðin

Prentun: Litróf

Umbrot og hönnun: Bongo Design



Kjarasamningur

Starfsgreinasambands Íslands

og

Eflingar annars vegar

og

NPA miðstöðvarinnar hins vegar

vegna aðstoðarfólks fatlaðs fólks í NPA

Gildistími: 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028

1. kafli: Gildissvið og gildistími

1.1 Gildissvið

Samningur þessi tekur til vinnu félagsmanna Eflingar og SGS í störfum sem aðstoðarfólk fatlaðs fólks. Hér eftir í samningnum er aðstoðarfólk fatlaðs fólks nefnt aðstoðarfólk og fatlað fólk verkstjórnendur.

1.2 Gildistími

Samningurinn tekur mið af aðalkjarasamningnum Eflingar og SGS við Samtök atvinnulífsins og hefur sama gildistíma og samningsforsendur og hann.

1.3 Lágmarksaldur

Lágmarksaldur aðstoðarfólks er 18 ára en almennt skal miða við að ráða ekki yngra aðstoðarfólk en 20 ára.

Aðstoðarfólk sem sinnir aðstoðarverkstjórn skal hafa náð að minnsta kosti 20 ára aldri.

1.4 Önnur atriði

Um önnur atriði en kveðið er á um í samningi þessum fer samkvæmt aðalkjarasamningnum Eflingar og SGS við Samtök atvinnulífsins.

2. kafli Um laun

2.1. Aðstoðarfólk fatlaðs fólks

Gildir frá 1. febrúar 2024

	Mán laun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2	Stórh. kaup	33,33% álag	55% álag	65% álag	75% álag	120% álag	165% álag
Byrjunarlaun	473.267	3.033,76	4.441,61	4.914,88	6.507,42	1.011,15	1.668,57	1.971,95	2.275,32	3.640,52	5.005,71
1 ár, í st.gr.	484.145	3.103,49	4.543,70	5.027,85	6.656,99	1.034,39	1.706,92	2.017,27	2.327,62	3.724,19	5.120,76
3 ár, í st.gr.	497.680	3.190,26	4.670,73	5.168,41	6.843,10	1.063,31	1.754,64	2.073,67	2.392,69	3.828,31	5.263,92
5 ár, í st.gr.	513.979	3.294,74	4.823,69	5.337,67	7.067,21	1.098,14	1.812,11	2.141,58	2.471,05	3.953,68	5.436,32
9 ár, í st.gr.	522.798	3.351,27	4.906,46	5.429,26	7.188,47	1.116,98	1.843,20	2.178,33	2.513,45	4.021,52	5.529,59

Gildir frá 1. janúar 2025

	Mán laun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2	Stórh. kaup	33,33% álag	55% álag	65% álag	75% álag	120% álag	165% álag
Byrjunarlaun	499.675	3.203,04	4.689,45	5.189,12	6.870,53	1.067,57	1.761,67	2.081,98	2.402,28	3.843,65	5.285,02
1 ár, í st.gr.	511.160	3.276,67	4.797,24	5.308,40	7.028,45	1.092,11	1.802,17	2.129,83	2.457,50	3.932,00	5.406,50
3 ár, í st.gr.	525.451	3.368,28	4.931,36	5.456,81	7.224,95	1.122,65	1.852,55	2.189,38	2.526,21	4.041,93	5.557,65
5 ár, í st.gr.	542.659	3.478,58	5.092,85	5.635,51	7.461,56	1.159,41	1.913,22	2.261,08	2.608,94	4.174,30	5.739,66
9 ár, í st.gr.	551.970	3.538,27	5.180,24	5.732,21	7.589,59	1.179,31	1.946,05	2.299,88	2.653,70	4.245,92	5.838,14

Gildir frá 1. janúar 2026

	Mán laun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2	Stórh. kaup	33,33% álag	55% álag	65% álag	75% álag	120% álag	165% álag
Byrjunarlaun	526.058	3.372,17	4.937,05	5.463,11	7.233,30	1.123,94	1.854,69	2.191,91	2.529,13	4.046,60	5.564,08
1 ár, í st.gr.	538.150	3.449,68	5.050,54	5.588,69	7.399,56	1.149,78	1.897,32	2.242,29	2.587,26	4.139,62	5.691,97
3 ár, í st.gr.	553.195	3.546,12	5.191,74	5.744,93	7.606,43	1.181,92	1.950,37	2.304,98	2.659,59	4.255,35	5.851,10
5 ár, í st.gr.	571.312	3.662,26	5.361,76	5.933,08	7.855,54	1.220,63	2.014,24	2.380,47	2.746,69	4.394,71	6.042,72
9 ár, í st.gr.	581.114	3.725,09	5.453,75	6.034,87	7.990,32	1.241,57	2.048,80	2.421,31	2.793,82	4.470,11	6.146,40

Gildir frá 1. janúar 2027

	Mán laun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2	Stórh. kaup	33,33% álag	55% álag	65% álag	75% álag	120% álag	165% álag
Byrjunarlaun	552.466	3.541,45	5.184,89	5.737,36	7.596,41	1.180,36	1.947,80	2.301,94	2.656,09	4.249,74	5.843,39
1 ár, í st.gr.	565.165	3.622,85	5.304,07	5.869,24	7.771,02	1.207,50	1.992,57	2.354,85	2.717,14	4.347,42	5.977,71
3 ár, í st.gr.	580.965	3.724,13	5.452,36	6.033,32	7.988,27	1.241,25	2.048,27	2.420,69	2.793,10	4.468,96	6.144,82
5 ár, í st.gr.	599.992	3.846,10	5.630,92	6.230,92	8.249,89	1.281,91	2.115,36	2.499,97	2.884,58	4.615,32	6.346,07
9 ár, í st.gr.	610.286	3.912,09	5.727,53	6.337,82	8.391,43	1.303,90	2.151,65	2.542,86	2.934,07	4.694,51	6.454,95

2.2. Aðstoðarverkstjórnendur

Greitt er fyrir aðstoðarverkstjórn með 55% álagi ofan á þau laun sem aðstoðarmaður er á hverju sinni.

3. kafli: Vaktavinna

3.1 Ráðningarsamningur

Aðstoðarfólk skal ráðið í fast starfshlutfall, nema þegar um afleysingarstarfsmenn er að ræða. Sé aðstoðarfólk ráðið til vaktavinnu skal það koma fram í ráðningarsamningi þess. Með vöktum er í samningi þessum átt við vinnu sem skipt er niður samkvæmt fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem aðstoðarfólk vinnur á mismunandi vöktum með tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum. Tímalengd vaktar skal tilgreina í vaktskrá, m.a. með tilliti til upphafs og loka vaktar.

Ef aðstoðarmanni er falin aðstoðarverkstjórn skal það koma fram í ráðningar-samningi.

Aðstoðarmaður sem er í starfi hjá NPA miðstöðinni getur ráðið sig samhlíða í annað starf hjá NPA miðstöðinni, með leyfi verkstjórnanda. Ber honum að upplýsa þann sem tekur ákvörðun um ráðningu í síðara starfið um það starf sem hann þegar gegnir. Ef nýr ráðningarsamningur felur í sér að vikuleg vinnuskylda aðstoðarmanns verður umfram fullt starf, ber síðari ráðningaraðila að greiða þá yfirvinnu.

Í ráðningarsamningi skal skilgreind staðsetning þar sem aðstoðarmaður mætir og lýkur starfi. Ef vinna hefst eða endar utan þess staðar skal verkstjórnandi sjá aðstoðarmanni fyrir ferðum þaðan og þangað á vinnutíma.

3.2 Skipulag vaktar

Vinnuvika aðstoðarfólks í fullu starfi er 36 stundir.

Heimilt er að láta vinna á vöktum alla daga vikunnar.

Vakt skal eigi vera lengri en 12 klst. og eigi skemmri en 3 klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild og ber vinnuveitandi greiðsluskylda fyrir allan vaktatímann. Séu eyður í daglegum vinnutíma aðstoðarmanns skal fyrir slíkar eyður greiða 1 klst. í yfirvinnu, og að lágmarki tvo tíma fyrir hverja mætingu.

Aðstoðarfólk í fullu starfi fær greidda yfirvinnu fyrir vinnu umfram vaktskrá.

Aðstoðarfólk í hlutastarfi fær greitt yfirvinnukaup fyrir vinnu umfram starfshlutfall sitt. Þó greiðist samfelld reglubundin vinna einn mánuð eða lengur innan dagvinnumarka, allt að fullri vinnuskyldu, sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum, enda hafi starfsmanni verið kynnt það áður en sú vinna hófst. Þannig getur starfshlutfall verið sveigjanlegt milli mánaða ef samið er um það fyrirfram við viðkomandi starfsmann.

3.3 Vaktskrá

Drög að vaktskrá skal leggja fram með fjögurra vikna fyrirvara og hefur aðstoðarmaður eina viku til að gera athugasemdir. Endaleg vaktskrá skal lögð fram með tveggja vikna fyrirvara. Skal vaktskrá gerð kunnug þar sem aðstoðarfólk á greiðan aðgang að henni.

Krefjist aðstæður verkstjórnanda breytingar á vaktskrá skal hún gerð með samþykki aðstoðarmanns. Breyti verkstjórnandi vaktskrá með skemmri en 24 klst. (sólarhrings) fyrirvara skal greiða viðkomandi aðstoðarmanni aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Ef breytingin á sér stað innan 168 klst. (viku) skal greiða viðkomandi aðstoðarmanni aukalega 2 klst. í yfirvinnu. Þetta gildir þó ekki ef aðstoðarfólk óskar sjálft eftir breytingunni.

3.4 Vaktaálög

Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 36 stunda vinnu að meðaltali á viku, sem fellur utan dagvinnutímabils með eftirfarandi hætti:

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga – fimmtudaga

55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga

65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga – föstudaga

55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga

75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga og mánudaga

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

3.5 Álag á helgidögum

Vinna á skírdag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag greiðist með 55% álagi kl. 08:00 - 24:00 og 75,00% álagi kl. 00:00 - 08:00.

3.6 Álag á stórhátíðardögum

Vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, aðfangadag eftir kl. 12:00, jóladag og gamlársgangur eftir kl. 12:00 greiðist með 120% álagi, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgangur og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

3.7 Yfirvinnuálag

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1 Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 36 stundir á viku (156 stundir miðað við meðalmánuð).

3.8 Deilitala

Tímakaup í dagvinnu skal fundið með því að deila í mánaðarkaup án álags með 156.

3.9 Bakvaktir

Heimilt er að setja á bakvaktir þar sem aðstoðarfólki er skylt að vera í símasambandi og að sinna útköllum.

Fyrir útkall á bakvakt skal aðstoðarmaður fá greitt fyrir unninn tíma, þó að lágmarki þrjár klst., nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því hann kom til vinnu.

Bakvaktargreiðslur og yfirvinnugreiðslur fari þó aldrei saman.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

Fyrir hverja klukkustund á bakvakt greiðist eftirfarandi álag:

45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga

33,33% kl. 08:00 - 24:00 mánudaga

33,33% kl. 00:00 - 24:00 þriðjudaga – fimmtudaga

33,33% kl. 00:00 - 17:00 föstudaga

45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga

45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga

120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 3.5 og 3.6, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausa viðbragða af hálfu aðstoðarfólks en það er tilbúið til vinnu strax og til þess næst, greiðist eftirfarandi álag:

22,50% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga

16,67% kl. 08:00 - 24:00 mánudaga

16,67% kl. 00:00 - 24:00 þriðjudaga – fimmtudaga

16,67% kl. 00:00 - 17:00 föstudaga

22,50% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga

22,50% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga

60,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 3.5 og 3.6, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 82,50% álag.

3.10 Greiðsla vetrarorlofs vegna almennra frídaga

Aðstoðarfólk sem vinnur vaktavinnu vinnur sér inn 12 vetrarfrídaga miðað við ársstarf fyrir helgi- og tyllidaga skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2. í aðalkjarasamningi aðila sem falla á mánudaga til föstudaga.

Sé ekki vinnuskylda á ofangreindum dögum eða frí veitt, dregst samsvarandi dagafjöldi frá aukafrídögum, nema hjá aðstoðarfólki sem á inni áunnið vaktafrí. Verkstjórnandi skal tilkynna veitingu vetrarfrís með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Vetrarfrídagar skulu veittir á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrídaga miðast við október til október.

Almennt skal miða við að greiðsla komi í stað umræddra frídaga, þá 7,2 klst. í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Skal greiðsla vegna frídaganna innt af hendi jafn óðum sem 4,65% álag á unnar dagvinnustundir.

3.11 Persónulegur tími aðstoðarfólks

Aðstoðarfólk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffítíma. Aðilar eru þó sammála um að vinna skuli skipulögð á þann veg að aðstoðarfólk geti sinnt grunnþörfum sínum, svo sem að nærast sem næst hefðbundnum matmálstímum. Þar sem aðstoðarfólk er með viðveruskyldu allan vinnutímann fær það greitt 5 mínútur á yfirvinnukaupi, yfirvinna 2, fyrir hvern klukkutíma.

Aðilar eru sammála um að virða hvíldartímaákvæði um að ef vakt er lengri en 6 tímar fá aðstoðarfólk 15 mín hlé.

3.12 Mataraðstaða

Á staðnum sem skilgreindur er í ráðningarsamningi samkvæmt gr. 3.1 skal aðstoðarfólk hafa aðgang að ísskáp og aðstöðu til að hita mat.

3.13 Greiddur matur

Verkstjórnandi skal sjá aðstoðarmanni fyrir mat eða greiða matarkostnað á hefðbundnum matmálstíma ef hann er utan þess staðar sem skilgreindur er í ráðningarsamningi samkvæmt gr. 3.1, og aðstaða samkvæmt grein 3.12 er ekki til staðar.

4. kafli: Greiðslur á ferðum

4.1 Áður en ferðin hefst skal verkstjórnandi fara yfir skipulag og tilgang ferðar með aðstoðarmönnum. Ferðatími greiðist sem vinnutími. Hverjum aðstoðarmanni skal séð fyrir sér herbergi á ferðum. Aðstoðarmanni skal séð fyrir ferð heim og til baka á mánaðarfresti honum að kostnaðarlausu.

4.2 Skipulag ferða

Þegar aðstoðarfólk ferðast með verkstjórnanda á ferðalögum innanlands og til útlanda skal unnið samkvæmt vaktsskrá. Áður en ferð er hafin skal vinnuskipulag að öðru leiti liggja fyrir. Starfsmönnum skal greitt samkvæmt vaktsskrá og með yfirvinnu utan þess tíma sem vaktsskrá nær til í samræmi við vinnuframlag. Hliðra má vikulegum frídegi aðstoðarfólks til á ferðalagi. Þó mega ekki líða meira en 12 sólarhringar á milli 2 frídaga. Frídagarnir skulu þá teknir saman í beinum tengslum við daglegan hvíldartíma.

4.3 Við skipulag ferða skal taka tillit til ákvæða um hvíldartíma aðstoðarfólks.

Breytingar á vöktum í tengslum við ferðir eða aðrar breyttar aðstæður skulu gerðar í fullu samráði við það aðstoðarfólk sem breytingarnar varða og eins fljótt og auðið er, þó eigi síðan en grein 3.3. kveður á um.

4.4 Þóknun á ferðum

Auk greiðslna fyrir nauðsynlegan ferðakostnað, svo sem gistingu, flug eða akstur skal greiða dagpeninga fyrir fæði í samræmi við ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins, nema skriflegt samkomulag sé um annað fyrirkomulag greiðslu kostnaðar á ferðum. Skal slíkt samkomulag tryggja að aðstoðarfólk greiði ekki meira eða fái minna en það hefði annars gert ef ekkert samkomulag lægi fyrir.

5. kafli: Gjafir

5.1 Aðstoðarfólki er ekki heimilt að þiggja arf eða gjafir frá verkstjórnanda eða aðstandendum hans, að undanskildum höfsömum tækifærisgjöfum.

6. kafli: Um námskeið

- 6.1 Haldin skulu námskeið sem hafa það að markmiði að gera aðstoðarfólk hæfara í sínu starfi, m.a. skal fjallað um hugmyndafræði NPA, lög og reglugerðir, vinnuvernd, réttindi og skyldur og samskipti.
- Aðstoðarfólk skal vera á launum á meðan á námskeiðum stendur. Þau skulu vera í boði frá upphafi ráðningar og síðan með reglulegum hætti eftir nánara samkomulagi. Námskeiðin skulu byggð á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins og haldin í samráði við sveitarfélög, stéttarfélög, umsýsluaðila og notendur NPA. Námskeið skulu vera aðstoðarfólki að kostnaðarlausu.

7. kafli: Um atkvæðagreiðslu

- 7.1 Atkvæðagreiðsla
- Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16.00 þann 24. maí 2024 skoðast hann samþykktur.

Kópavogi, 3. maí 2024

F.h. NPA miðstöðvarinnar
með fyrirvara um samþykki
félagsfundar NPA miðstöðvarinnar

F.h. Eflingar - stéttarfélags
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

F.h. Starfsgreinasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki
framkvæmdastjórnar

Bókun:

Aðilar að samningi þessum eru sammála um að eigi síðar en 15. janúar 2025 hefjist vinna við gerð heildstæðs kjarasamnings sem samningsaðilar stefna á að verði lokið fyrir árslok 2025 .



Sérkjarasamningur

NPA miðstöðvarinnar

annars vegar og

Eflingar-stéttarfélags og
Starfsgreinasambands Íslands (SGS)
hins vegar
um heimil frávik frá vakta- og hvíldartíma

Gildistími: 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028

Gildissvið og heimil frávik frá vakt- og hvíldartíma

Sérkjarasamningur þessi grundvallast á ákvæði 53. gr. b í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað og hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Með ákvæðinu er samtökum aðila á vinnumarkaði veitt heimild til þess að víkja með samkomulagi frá ákvæðum 53. gr. og 56. gr. laga nr. 46/1980, svo sem nánar greinir í ákvæðinu. Heimild til frávíka samkvæmt sérkjarasamningi þessum gildir einungis fyrir aðstoðarfólk sem starfar hjá NPA miðstöðinni á grundvelli beins ráðningarsambands samkvæmt ráðningarsamningi við NPA miðstöðina. Um önnur atriði en greinir í sérkjarasamningi þessum fer samkvæmt aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Starfsgreinasambands Íslands við NPA miðstöðina vegna aðstoðarfólks fatlaðs fólks í NPA.

1.1 Greiðslur á sólarhringsvöktum

Skipulag sólarhringsvakta skv. gr. 1.2 og 1.3 í samningi þessum er einungis heimilt ef alla jafna er hægt að uppfylla lágmarkshvöld skv. gr. 1.2 og 1.3 í samningi þessum.

Fyrir þann tíma sem telst hvíld á vöktum skal greiða dagvinnugrunn. Sé hvíld rofin skal greiða viðeigandi álag sbr. gr. 3.4 – 3.6 í aðalkjarasamningi Eflingar og SGS við NPA miðstöðina til viðbótar dagvinnugrunni fyrir þann tíma sem unnið er, eða a.m.k. eina klukkustund.

Ef skilyrði um hvíld eru ekki uppfyllt þá skal greiða viðeigandi álag alla vaktina.

Fyrir hverja sólarhringsvakt skal tryggja að lágmarki 24 klukkustunda hvíld í lok vaktar.

1.2 Stakar sólarhringsvaktir

Á 24 klukkustunda vakt aðstoðarfólks má takmarka hvíldartíma við samliggjandi 8 klukkustundir á milli kl 22:00 til 10:00 með að hámarki tveimur rofum sem eru að hámarki hvort 15 mín.

1.3 Samfelldar sólarhringsvaktir

Séu unnar fleiri en ein 24 klukkustunda vakt í röð má takmarka hvíld við samliggjandi 8 klukkustundir á milli kl 22:00 til 10:00 á hverjum sólarhring með að hámarki einu rofi sem er að hámarki 15 mín. Vaktir skulu ekki skipulagðar fleiri en tvær í röð. Séu vaktir skipulagðar með þessum hætti skal miða við að a.m.k. 48 klukkustundir líði á milli vakta.

1.4 Stytti hvíldarvaktir

Heimilt er að skipuleggja styttri hvíldarvaktir á bilinu 8 – 12 klukkustundir að lengd. Skal þá hvíld fara fram á milli kl 22:00 til 10:00 auk þess að vera a.m.k. 5 samliggjandi klukkustundir með að hámarki einu rofi sem er að hámarki 15 mín.

1.5 Lengri hvíldarvaktir

Heimilt er að skipuleggja lengri hvíldarvaktir á bilinu 12 – 24 klukkustundir. Skal þá hvíld fara fram á milli kl 22:00 til 10:00 og vera a.m.k. 8 samliggjandi klukkustundir með að hámarki tveimur rofum sem eru að hámarki 15 mín hvort. Fyrir hverja lengri vakt skal tryggja að lágmarki 24 klukkustunda hvíld í lok vaktar.

1.6 Skilyrði um hvíldaraðstöðu og eldunaraðstöðu

Skilyrði fyrir gr. 1.1, 1.2, 1.3, 1.4 og 1.5 í samningi þessum er að hvíldaraðstaða sé fyrir hendi í sérstöku rými sem ekki er notað til annars á meðan á vakt stendur. Einnig skal tryggt að það rými sé ekki í návígi við tæki eða búnað sem gætu truflað hvíld. Rýmið skal búið góðri svefnaðstöðu og hreinum rúmfötum. Það á m.a. að vera í hæfilegri nálægð við salerni og handlaug.

Aðstoðarfólk skal hafa aðstöðu til að elda mat.

1.7 Óviðráðanlegar aðstæður/neyðartilfelli

Við óviðráðanlegar aðstæður/neyðartilfelli geta komið upp tilvik þar sem ekki næst að uppfylla ákvæði um lágmarkshvíld og telst vaktin þá ekki hvíldarvakt og skal greiða álag á alla vaktina. Tryggja skal að aðstoðarfólk fái eins fljótt og við verður komið viðunandi hvíldartíma.

2.1 Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16.00 þann 24. maí 2024 skoðast hann samþykktur.

Kópavogi, 3. maí 2024

F.h. NPA miðstöðvarinnar
með fyrirvara um samþykki
félagsfundar NPA miðstöðvarinnar

F.h. Eflingar - stéttarfélags
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

F.h. Starfsgreinasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki
framkvæmdastjórnar

